




Skipulagsstofnun
skipulag@skipulag.is
sigurdur.asbjornsson@skipulag.is
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Hvalfjarðarsveit
Innrímel 3
301 Akranes

Sími 433 8500
Kt. 630606-1950

13. apríl 2022

2203027

Flæðigryfjur Grundartanga - Umsagnarbeiðni.

Á 157. fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann 6.4.2022 var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Skipulagsstofnun er varðar matsáætlun í kynningu vegna flæðigryfja á hafnarsvæði Grundartanga.

Elkem og Norðurál hafa sent Skipulagsstofnun matsáætlun um nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað er eftir að sveitarfélagið gefi umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð. Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun eigi síðar en 19. apríl 2022.

Borist hefur erindi Skipulagsstofnunar er varðar útvíkkun á flæðigryfjum á hafnarsvæði Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um hvort sveitarfélagið telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig er óskað eftir að Hvalfjarðarsveit geri grein fyrir þeim leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði sveitarfélagsins.

Hvað varðar hvort sveitarfélagið telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun, bendir nefndin á eftirfarandi: Tryggt verði að allur farmur sem fluttur er að flæðigryfjunum sé varinn bæði í flutningi og við losun, þannig að ekkert efni losni í andrúmsloft, hvorki í flutningi né við losun í gryfjurnar.

Tryggt verði að einungis sá úrgangur sem starfsleyfi heimilar sé losaður í flæðigryfjurnar.

Sækja þarf um framkvæmdarleyfi til Hvalfjarðarsveitar og tryggja þarf að framkvæmdin sé í samræmi við skipulag.

Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd samþykkir að vísa umsögninni til sveitarstjórnar.

Á 349. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 12.4.2022 var tekið fyrir mál



Erindi frá Skipulagsstofnun er varðar matsáætlun í kynningu vegna flæðigryfja á hafnarsvæði Grundartanga.

Elkem og Norðurál hafa sent Skipulagsstofnun matsáætlun um nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað er eftir að sveitarfélagið gefi umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð. Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun eigi síðar en 19. apríl 2022.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar vegna erindisins og gerir hana að sinni."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með.


Virðingarfyllt,

Jökull Helgason
Starfsmaður skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna



Hafnarfirði, 27.04.2022
MFRI: 2022-03-0298

Efni: Flæðigryfjur Grundartanga

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Samkvæmt starfsleyfum er Elkem og Norðuráli heimilt að losa efni og afurðir sem ekki fara í sölu, endurvinnslu eða endurnýtingu í flæðigryfjur. Magnið sem fer í flæðigryfjurnar er mis mikið milli ára en gert er ráð fyrir að samtals frá báðum álverum fari á bilinu 13.000 – 19.000 tonn á ári.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir mengandi starfssemi. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi álveranna eru strangar reglur um losun, meðhöndlun og frágang úrgangins sem fellur til vegna starfsseminnar. Gerð er krafa um reglubundna vöktun á mengandi efnum og má styrkur þeirra ekki fara yfir viðmiðunarmörk sem gefin eru í starfsleyfinu.

Fram kemur að við mat áhrif fyrirhugaðrar losunar í flæðigryfjur á umhverfið verði stuðst við viðmið eins og lög og reglugerðir. Í því ljósi bendir Hafrannsóknastofnun á að fylgja skal lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) þegar metin eru áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið sem tekur við efnum sem losna úr flæðigryfjum (Hvalfjörður). Þar er gerð krafa að ásand vatnshlota megi ekki hnigna vegna starfssemi og að ástandið sé ekki lakara en *gott*. Fari svo að ástand vatnshlotsins falli um flokk eða fari undir ásandið *gott* ber að upphefja ástand þess með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði.

Möguleg umhverfisáhrif á lífríki eru talin geta orðið vegna sigvatns úr gryfjunum. Því verður vöktun á efnum eins og sýaníði, bæði sem bundið og frítt í sjósýnum ásamt þungmálum (Cu, Zn, Cr, Ni, Pb, V, As, Al), járn (Fe), fosfór (P) og flúori. Gerð verður grein fyrir vöktuninni á mismunandi mælistöðvum á mismunandi árstímum í umhverfismatsskýrslunni. Þá verður fjallað um staðsetningu nýrra mælistaða sem ákvörðuð verður í samráði við Umhverfisstofnun.

Til þess að vakta áhrif á sjávarlífverur verða gerðar mælingar á kræklingum á fimm ára fresti þar sem mæld verða PAH-18 sambönd og snefilefni/þungmálmar (Cu, Zn, Cr, Ni, Hg, Pb, V, Cd, As, Al, Fe, Se, F) í mjúkvef dýranna. PAH mæling verður gerð á sjávarseti sem safnað er neðan hvernar kræklingalagnar á vöktunarstöðvum og viðmiðunarstað. Tekin verður ákvörðun um hvort breyta þurfi kræklingavöktun vegna nýju gryfjanna í samráði við Umhverfisstofnun.

Hafrannsóknstofnun telur að í umhverfismatsskýrslunni ætti að gera grein fyrir því hvort og þá hvernig styrkur þessara efna hefur breyst með starfssemi álveranna til þessa. Gera þarf grein fyrir því hvort mælingar á þessum efnum hafi hingað til farið fram yfir þau mörk sem sett eru í starfsleyfum ásamt því að vísa í eða sýna þau mörk sem þessi efni eiga að vera innan.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Skipulagsstofnun
Mótt.: 19 apríl 2022
Málnr. 202203014

19. apríl 2022

Nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit

Vísað er í bréfs Skipulagsstofnunar dagsett 15. mars 2022 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar sem var unnin af Mannvit verkfræðistofu í mars 2022 fyrir BM Vallá ehf.

Fram kemur að skv. núgildandi starfsleyfisskilyrðum Norðuráls og Elkem er þeim heimilt að losa efni og afurðir sem ekki fara í sölu, endurvinnslu eða endurnýtingu í flæðigryfjur og að núverandi flæðigryfjur eru að verða uppnar og eru lögð til tvö svæði sem þykja hentug til að útbúa nýjar flæðigryfjur. Alls er ráðgert að 13-19 þúsund tonn fari í flæðigryfjur ár hvert. Forsenda fyrir því að unnt sé að losa efni í flæðigryfjur þarf svæðið að vera deiliskipulag til þessara nota (Starfsleyfi Norðuráls) en deiliskipulag hefur ekki verið staðfest fyrir svæðið.

Eftirfarandi eru umsögn heilbrigðiseftirlitsins:

3. Framkvæmdin

Fram kemur að uppbygging flæðigryfju fari þannig fram að útbúinn sé grjótgarður til að aðskilja flæðigryfjuna frá opnu hafi. Gryfjan sé síðan fyllt með efni frá fyrirtækjunum. Á mynd 3.1 er svo að skilja að þessi útmörk flæðigryfju séu aðeins grjótgarður en á mynd 3.2 kemur fram að kerbrot eru hluti af þessari fyllingu á baksvæði flæðigryfjunnar. Nú er spurning hvar þetta snið er staðsett. Ef baksvæði er næst hafnarbakkanum þá gengur þetta upp en ef þetta er baksvæði næst sjó þá væri ástæða til að gera athugasemd við það þar sem kerbrot ættu að vera innan flæðigryfjunnar og efalaust er um það að ræða.

Ljóst er á kafla 3.2 að umtalsvert efni er að ræða og er líklegt að framkvæmdin sé starfsleyfisskyld skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, það er að setja námuvinnslan.


3.3. Aðrir kostir

Ólíklegt er að starfsleyfi fyrirtækjanna heimili að framleiðsluúrgangur fái að hlaðast upp á lóð fyrirtækjanna með tilheyrandi mengunarhættu eins og gefið er í skyn og líklegra að það þyrfti að finna aðrar lausnir eða flytja hann úr landi til meðhöndlunar.

Virðingarfyllt,

Þorsteinn Narfason
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 19. apríl 2022
MÍ202204-0093/ 6.07 / K.M.

Efni: Nýjar flæðigryfjur við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 15. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Elkem Ísland ehf. og Norðurál Grundartangi ehf. leita að hentugum stað fyrir nýjar flæðigryfjur undir framleiðsluúrgang frá verksmiðjunum. Flæðigryfjurnar verða í sjó. Svæðin sem þykja best fallin fyrir gryfjurnar eru tvö, annað vestan við núverandi flæðigryfjur, um 5,5 ha að stærð, og hitt sunnan við álver Norðuráls, um 5 ha að stærð.

Í matsáætlun segir að uppbygging flæðigryfju fari þannig fram að útbúinn sé grjótgardur til að aðskilja flæðigryfjuna frá opnu hafi. Gryfjan sé síðan fyllt með efni frá fyrirtækjunum. Í kafla 3.2 í matsáætlun segir að öflun grjóts í garða verði á vestursvæði á Grundartanga. Á mynd 3.3 er dregin hringur um svæði þar sem aflla á grjóts til framkvæmdarinnar. Þá segir að nú sé verið að sækja grjót í lóðum Klafastaðavegar 14 – 18 en þar sé allnokkuð grjót þegar til staðar.

Í kafla 4.2 í matsáætlun er fjallað um umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Ekki er minnst á menningarminjar í þeirri umfjöllun.

Árið 2003 kom úr skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifar í Skilmannahreppi*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráningu fornleifa á jörðinni Klafastöðum. Gamla bæjarstæði Klafastaða liggur norðvestan við núverandi flæðigryfju. Auk bæjarstæðisins voru fornleifar skráðar í nágrenni þess m.a. á svæðinu milli bæjarstæðisins og strandarinnar. Árið 2008 mældi minjavörður Vesturlands upp fornleifar á svæðinu. Staðsetningu og útlínur fornleifanna má sjá á minjavefsjá á heimasíðu Minjastofnunar Íslands.

Vakin er athygti á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygti á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á Klafastaðajörðinni á korti/loftmynd ásamt útlínum fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Taka þarf tillit til fornleifa við afmörkun efnistökusvæðisins. Vakin er athygli á að í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar skuli vera 15 m nema annað sé ákveðið. Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um fornleifar á framkvæmdasvæðinu og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 19 apríl 2022
Málnr.
202203014

Garðabær, 19. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0030
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun um nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun dags. 15. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun um framkvæmd Elkem og Norðurál á nýjum flæðigryfjum á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.


Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Ekki er fjallað um rask á búsvæðum fugla vegna framkvæmdarinnar. Flæðigryfja á Svæði 2 austan við núverandi flæðigryfjur er staðsett innan marka mikilvægs fuglasvæðis sem nær yfir stóran hluta af Hvalfirði (<http://www.ni.is/node/16110>). Í fjörunum í norðanverðum Hvalfirði finnast fjöruvistgerðir með hátt verndargildi t.d. bóluþangsklungur (<http://www.ni.is/greinar/boluthangsklungur>) sem eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði vaðfugla t.d. sendlings, stelks og tjalds. Þrátt fyrir mikla nálægð við iðnaðarsvæðið finnast þarna lítt raskaðar fjöruvistgerðir. Í umhverfismatinu þarf að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á þessar vistgerðir og á fuglalíf svæðisins. Gera ætti könnun á hversu mikið fuglar nýta svæðið við fæðuöflun. Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt Hvalfjörð á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og ná mörkin á tillögunni einnig inn á áhrifasvæði framkvæmdarinnar eins og sjá má á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Efla þarf vöktun mengandi efna sem skolast út í sjó í ljósi aukins umfangs flæðigryfja og því jákvætt að stefnt sé að því að bæta við nýjum mælistöðum utan við nýju gryfjurnar. Þá ætti að auka við vöktun á PAH og þungmálum í kræklingum eins og stefnt er að því að skoða með Umhverfisstofnun. Mjög mikilvægt er að vöktunin nái utan um möguleg mengunaráhrif á lífríki sjávar, ekki síst vegna mikilvægi svæðisins fyrir fugla sem margir nýta krækling og önnur botndýr á grunnsævi fyrir fæðu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2022
UST202203-210/S.S.
08.07.00

Efni: Umsögn um matsáætlun fyrir nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 15. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsáætlun vegna nýrra flæðigryfja í Hvalfjarðarsveit.

Framkvæmdarlýsing

Flæðigryfjurnar eru ætlaðar til að taka við úrgangi frá Norðuráli og Elkem. Heimilt er að losa í þær efni og afurðir sem ekki fara í sölu, endurvinnslu eða endurnýtingu. Erindið snýr að tveimur nýjum svæðum, annað vestan megin við núverandi flæðigryfjur og hitt sunnan við álver Norðuráls.

Lagaheimild til rekstrar flæðigryfja og forsendur

Flæðigryfjurnar á Grundartanga eru reknar á grundvelli starfsleyfa hvors rekstraraðila fyrir sig. Umhverfisstofnun getur sett ákvæði í starfsleyfi sem heimila förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað en þessi heimild kemur fram í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins er varða förgun úrgangs vera í samræmi við lögin. Flæðigryfjurnar fela í rauninni í sér urðun úrgangs með undanþágu frá söfnun sigvatns sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs. Söfnun sigvatns er í andstöðu við þá hugmyndafræði þar sem forsendum er alveg snúið við með því nýta sér sjávarföll, en aðferðin er einmitt sögð byggja á því að koma á efnahvörfum sem dragi úr því að úrgangurinn mengi út frá sér, þ.e. hlutleysi hann.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að ítarlegt áhættumat fylgi umhverfismatsskýrslunni sbr. 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Meðhöndlun kerbrota og urðun annars efnis

Á bls. 4 er minnst lauslega á að fyrirtækin Elkem Ísland og Norðurál hafi hug á að draga úr losun í flæðigryfjur. Til þess að gera það eru nokkrir kostir mögulegir til að koma á endurvinnslu. Í skýrslunni *Sustainable Spent Pot Lining Management Guidance (February 2020)* kemur fram (bls.55) að Ísland sé eina landið sem enn noti flæðigryfjur til að meðhöndla kerbrot. Aðferðir hafa verið þróaðar til að meðhöndla kerbrot og í ofangreindri skýrslu sem og skýrslunni *Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Non-Ferrous Metals Industries (2017)* eru þessar aðferðir tilgreindar

- *Rio Tinto Alcan low caustic leaching and liming (LCLL),*
- *Ausmelt/ISASMELT furnace,*
- *Elkem ferro-alloy process*
- Einnig er bent á endurvinnslu sem þróuð hefur verið hjá fyrirtækinu *Befesa.*



UMHVERFIS STOFNUN

Í matsáætluninni er einnig bent á að fram kom í fyrirspurn vegna matsskyldufyrirspurnar fyrir tilkynningu sem send var í desember 2019 svokölluð framtíðarsýn fyrirtækjanna um losun í flæðigryfjur og endurvinnslu úrgangs. Rétt væri að uppfæra þetta efni.

Notkun flæðigryfja er skilgreind sem urðun og það er æskilegt að draga úr henni. Á bls. 13 (3.3 Aðrir kostir) kemur fram að nánar verður fjallað um þetta í umhverfismatsskýrslunni. Það væri mjög viðeigandi að farið yrði yfir þá kosti sem helst eru til athugunar hjá fyrirtækjunum varðandi endurvinnslu kerbrota og annan úrgang. Umhverfisstofnun lítur m.a. til þeirra aðferða sem tilgreindar eru í upptalningunni hér að framan.

Flæðigryfjur og vöktun þeirra

Mikilvægt er að í umhverfismatsskýrslu sé farið ítarlega yfir þá umhverfisvöktun sem fram hefur farið vegna flæðigryfjanna á Grundartanga og þær niðurstöður sem tiltækar eru.

Eins og fram kemur hér að ofan óskar Umhverfisstofnun eftir því að áhættumat fylgi umhverfismatsskýrslunni sbr. 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Eðlilegt er að vöktunaráætlun verði gerð (eða uppfærð) í framhaldi af áhættumatinu. Umhverfisstofnun vekur athygli á að vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-27 hefur verið gefin út og eðlilegt er að hafa hana til hliðsjónar.

Rannsóknir á flæðigryfjuaðferðinni

Aðferðin hefur hingað til verið metin lögmæt og viðunandi með tilliti til umfangs og niðurstaðna umhverfisvöktunar en þar sem Ísland er eina landið sem leyfir aðferðina þarf að vanda sérstaklega til verka og í raun eðlilegt að fara fram á að aðferðin sé ítarlega rannsökuð. Sé þessa ekki gætt gæti verið rétt að endurmeta aðferðina.

Í sambandi við lýsingu framkvæmdar segir (bls. 10):

Skeljasandi er blandað saman við kerbrot í flæðigryfjunum, en efni úr skeljasandinum ásamt uppleystum efnum í sjónum hvarfast við málma og sýanið og hlutleysa þannig óæskileg efni. Vegna áhrifa sjávarfalla skolar sjórinn með þessu móti smám saman uppleysanleg efni og hlutleysir úrganginn í gryfjunni.

Ekki er vísað í gögn til stuðnings þessu og væri fengur að því að frekari staðfesting kæmi fram í matsskýrslunni á með hvaða hætti efni úr skeljasandinum hvarfist við málma og sýanið. Æskilegt væri að farið yrði yfir það í umhverfismatsskýrslu nákvæmlega hvaða efnahvörf þetta eru og hver séu myndefnin, hversu mikið myndast af þeim og fara einnig yfir það í matsskýrslu hversu mikið efnahvörfin hjálpa til við að hlutleysa efnin þannig að mengunin sé sem minnst. Ef niðurstaðan er hins vegar sú að rannsóknir skorti á þessu sviði þyrfti annað hvort að skipuleggja þær rannsóknir sem fyrst eða að öðrum kosti að flýta áformum um að draga úr notkun flæðigryfja.

Athugasemdir við framsetningu / leiðréttingar

Vísað er í eftirfarandi texta á bls. 1:

Á mynd 1.2 má sjá þær flæðigryfjur sem nú eru notaðar (grænar) sem og þær flæðigryfjur sem notaðar voru af báðum fyrirtækjum frá árinu 1998 (rauðar). Upphaflega var gert ráð fyrir að rauðu svæðin myndu endast til ársins 2025. Gryffurnar fylltust hins vegar mun hraðar sem kom til af hraðari stækkun hafnarinnar en gert var ráð fyrir og meiri þörf fyrir svæði undir vörur til uppskipunar og útflutnings. Flæðigryffurnar eru hluti af landfyllingarsvæði hafnarinnar.



UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við hér og hvort að gryfjurnar hafi verið fylltar með uppfyllingarefni, en ekki úrgangi frá Norðuráli og/eða Elkem, mögulega til þess að hraða stækkun hafnarinnar. Samkvæmt mynd 1.2 og skýringum sem þar eru á merkingum er græna svæðið eingöngu svæði Norðuráls en sama svæði (eða flæðigryfja) er merkt með nokkrum öðrum litum án fullnægjandi skýringa. Rétt er að ætla að umfjöllun um þetta verði lagfærð í umhverfismatsskýrslunni.

Bls. 3:

Prentvilla; vitnað í lög nr. 11/2021 þar sem ætlunin er að vitna í lög nr. 111/2021.

Bls. 4:

Þar segir að starfsleyfi Elkem sé „dagsett“ 2. júní 2021. Þetta er fremur villandi framsetning þar sem starfsleyfið er gefið út 20. ágúst 2009 en 2. júní 2021 voru aðeins gerðar minniháttar breytingar á starfsleyfinu til þess að nota mætti tiltekið hráefni í verksmiðjunni. Vinna við nýtt starfsleyfi fyrir Elkem er í undirbúningi hjá Umhverfisstofnun.

Annað

Þess er ekki getið sérstaklega í matsáætlun að svæðið vestan megin við núverandi flæðigryfjur, merkt Svæði 1 á kortum í matsáætluninni, eigi að nota fyrir Elkem og hitt svæðið, merkt Svæði 2 á kortum í matsáætluninni, sunnan við álver Norðuráls, eigi að nota fyrir Norðurál. Það virðist þó liggja beint við. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að áformin séu á þennan veg en óskar eftir að þetta verði tekið fram í umhverfismatsskýrslunni til að bæta skýrleika.

Samantekt, helstu atriði sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu:

Hér á eftir er yfirlit um þau sjónarmið sem sett er fram hér að framan varðandi væntanlega umhverfismatsskýrslu.

Athugasemdir sem almennt varða mat á losun í flæðigryfjur:

- Uppfærðar verði upplýsingar frá 2019 um framtíðarsýn fyrirtækjanna um losun í flæðigryfjur og endurvinnslu úrgangs.
- Fara þarf yfir með hvaða hætti efni úr skeljasandinum hvarfast við málma og sýnið. Þetta snýr að því hvaða efnahvörf þetta eru og hver séu myndefnin, hversu mikið myndast af þeim og hversu mikið efnahvörfin hjálpa til við að hlutleysa efnin þannig að mengunin sé sem minnst.
- Gera þarf nýtt áhættumat.

Eftirfarandi athugasemdir eru hér settar fram um valkostagreiningu:

- Mikilvægt er að gerð sé skýr og greinargóð valkostagreining
- Aðferðir sem tilgreindar er í skýrslunum *Sustainable Spent Pot Lining Management Guidance (February 2020)* og *Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Non-Ferrous Metals Industries (2017)* verði teknar til samanburðar sem valkostir við endurvinnslu kerbrota.

Athugasemdir um vöktun:

- Farið sé yfir niðurstöður vöktunar hingað til.
- Vöktunaráætlun sé uppfærð og höfð sé hliðsjón af vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022-27.



UMHVERFIS

STOFNUN

Athugasemd um rannsóknir:

- Með tilliti til þess að Ísland er eina landið sem leyfir aðferðina þarf að vanda sérstaklega til verka og í raun eðlilegt að fara fram á að aðferðin sé ítarlega rannsökuð. Gerðar eru tillögur um nánari framkvæmd.

Virðingarfyllst

Sigurður Ingason
sérfræðingur

Sigríður Skaftadóttir
lögfræðingur

Skipulagsstofnun

B.t. Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b,
105 Reykjavík

**Efni: Nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Vegagerðin fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Vegagerðin geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Vegagerðin starfar á grundvelli laga nr. 120/2012 sem framkvæmdastofnun samgöngumála. Lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar er að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Vegagerðin annast samkvæmt því þau verkefni sem nánar greinir í lögnum og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem um starfsemi hennar gilda. Afmarkast því stjórnábylgja aðkomu Vegagerðarinnar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnispáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Vegagerðarinnar.

Framkvæmdin skv. matsáætlun framkvæmdaraðila:

Uppbygging flæðigryfju fer þannig fram að útbúinn er grjótgardur til að aðskilja flæðigryfjuna frá opnu hafi. Gryfjan er síðan fyllt með efni frá fyrirtækjunum. Veggir gryfjunnar (grjótgardurinn) hindra að finar, tiltölulega léttar, fastar rykagnir gruggi sjóinn. Skeljasandi er blandað saman við kerbrot í flæðigryfjunum, en efni úr skeljasandinum ásamt uppleystum efnum í sjónum hvarfast við málma og sýanlög og hlutleysaþannig óæskileg efni. Vegna áhrifa sjávarfalla skolar sjórinn með þessu móti smám saman uppleysanleg efni og hlutleysir úrganginn í gryfjunni. Þegar flæðigryfjan er komin að efri mörkum er hún hulljarðvegi og skeljasandi.

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin hefur kynnt sér matsáætlun framkvæmdaraðila og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og gerir ekki athugasemd.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift
SIGURÐUR FRIÐGEIR

Síða 2/2

Vegagerðin